

Fundargerð stjórnar

86. fundur stjórnar Brunavarna Árnæssýslu (BÁ) haldinn mánudaginn 8. október, 2007 að Austurvegi 52, Selfossi.

Mættir:

Margrét K. Erlingsdóttir, formaður, og Snæbjörn Sigurðsson og Ólafur F. Leifsson.

Einnig mætti á fundinn: Ingvar Guðmundsson, formaður Björgunarfélags Árborgar, Stefán Helgason, varaformaður Björgunarfélags Árborgar og Kristján Einarsson, slökkviliðsstjóri, sem ritaði fundargerð.

Formaður bauð fundarmenn velkomna og setti fund kl. 21.50.

1. Húsnæðismál slökkviliðs. (Björgunarmiðstöðin)

Margrét sagði frá þeim fundum sem BÁ hefðu haldið á síðustu vikum varðandi húsnæðismál og kynnti fyrir Ingvari og Stefáni helstu niðurstöður þeirra funda.

Hún kynnti bókun sem gerð var á 68. fundi fulltrúaráðs BÁ en þar segir:

Samþykkt að ganga til samninga við Björgunarfélag Árborgar um leigu á húsnæðinu á grundvelli viljayfirlýsingar dags. 28. 6. 2006 þar sem m.a. fram kemur 800 kr. leiguverð pr. m2. Samningur verður gerður til 25 ára samkv. viljayfirlýsingunni

Formanni og slökkviliðsstjóra var falið að ganga á fund formanns Björgunar-félags Árborgar og formanns eignafélagsins og tilkynna þeim niðurstöðu fundarins og leita eftir samningi um leigu á húsnæðinu. Samningur verður síðan lagður fyrir stjórn BÁ til yfirferðar og afgreiðslu. Samningur verður síðan undirritaður með fyrirvara um samþykki stjórnar aðildarsveitarfélaga BÁ.

Eftir nokkrar umræður var niðurstaða fundarins að Ingvar og Stefán kynntu þessar niðurstöður fyrir sínum mönnum,. Það yrði gengið út frá fyrri samþykktum samkv. viljayfirlýsingu og samningar gerðir í samræmi við hana. BÁ fær lögfræðing til að lesa yfir samninga fyrir undirskrift.

Um verklok sagði Ingvar að hann ætti að hafa upplýsingar um það innan þriggja daga.

Ekki fleira gert og fundi slitið kl. 22.35

Margrét K. Erlingsdóttir, Ólafur F. Leifsson, Snæbjörn Sigurðsson

Kristján Einarsson